

Nr. 090 / 13 Selfoss***Skipverji slasast á hendi***

IMO.nr. 8914556
Smíðaður: Danmörku 1991, stál
Stærð: 7.676 BT 8.609 DW
Mesta lengd: 127 m
Breidd: 20,5 m Dýpt: 7,5 m
Vél: MaK 5.400 kW, 1991
Fjöldi skipverja: 11



Selfoss©Hilmar Snorrason

Gögn:

Slysaskýrsla frá skipi
Ljósrit úr leiðarbók
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 13. desember 2013 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni og Pálma K. Jónssyni en Hilmar Snorrason tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 18. mars 2013 var Selfoss við bryggju í Reykjavík.

Skipverji var að skera botn úr rafmagns tengiskáp með slípirokk þegar skurðarskífan „beit“ sig í skurðinn svo hún „spólaði“ sig upp úr honum og lenti í hnúa vinstri handar.

Við rannsókn kom fram:

- að slípirokkurinn var lítill svo hægt var að halda honum með annarri hendi og vann slasaði með tækið á þann hátt. Slasaði sagði að „gírókraftur“ tækisins hafi ekki haft áhrif á slysið heldur var aðstaðan til verksins erfið og skurðurinn langur, efnið 3 mm að þykkt og svo hafi skífan bitið í skurðkantinn.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.